# DEILISKIPULAGSBREYTING VIÐ EGILSBRAUT 9




GILDANDI DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR, MKV. 1:1000
SAMÞYKKTUR Í BÆJARSTJÓRN 29. janúar 2004

# GREINAGERÐ

Um er að ræða stækkun á núverandi deiliskipulagssvæði. Svæðið eru rúmir 4,8 ha að stærð. Markmið deiliskipulagsins er að fjölga íbúðum fyrir eldri borgara og móta ramma utan um stækkun dvalarheimilisins.

**Skipulagsskilmálar**

***1.1. Aðkoma og lóð***

Um er að ræða 10 nýjar lóðir fyrir rað- og parhús, samtals 20-24 íbúðir ásamt viðbyggingu við dvalarheimilið, 2 lóðir við Sunnubraut og 8 lóðir við Vetrarbraut. Á lóð dvalarheimilisins er byggingarreitnum breytt frá gildandi deiliskipulagi og hámarkshæð húss breytt.

***1.2. Húsagerðir***

*Parhús:* Heimilt er að reisa parhús á 1. hæð innan byggingarreits ásamt sambyggðri bílgeymslu.
*Raðhús:* Heimilt er að reisa parhús eða þriggja íbúða raðhús á 1. hæð innan byggingarreits ásamt bílgeymslu.
*Viðbygging við dvalarheimili:* Heimilt er að reisa 1. hæðar viðbyggingu við núverandi hús.

***1.3. Byggingarreitir***

Húsin skulu standa innan byggingarreits. Heimilar eru útbyggingar allt að 2,0 m út fyrir byggingarreit og undir þriðjungi húslengdar.

***1.4. Þök og hæðir hús***

*Raðhús/Parhús:* Hámarkshæð mænis 5,0 m gefin frá gólfkóta fyrstu hæðar. Þakform skal vera risþak. Lágmarksþakhalli er 14°.
*Viðbygging dvalarheimilis*: Hámarkshæð mænis eru 6,0 m gefin frá gólfkóta fyrstu hæðar. Þakform er frjálst.

***1.5. Bílastæði og sorpskýli***

Gera skal ráð fyrir tveimur bílastæðum á íbúð innan hverrar lóðar. Gestastæði eru á lóð dvalarheimilis. Austan við Dvalarheimilið eru 28 stæði í bæjarlandið sem hugsuð eru sem gestastæði. Sama gildir um 12 bílastæðin sem eru sunnan við Dvalarheimilið. Sorpskýli er heimilt að reisa aðskilin frá byggingarreit, allt að 2,0 x 1,0 m. Þau skulu aðlöguð götuhalla og útliti húss.

***1.6. Lóðarfrágangur***

Þar sem lóðir liggja að opnum grænum svæðum sveitafélagsins skulu ekki reistar girðingar heldur skulu lóðir afmarkaðar með limgerðum og trjábeltum.

***1.7. Þjónustumiðstöð og íbúðir aldraðra***

Byggingarreitur viðbyggingar dvalarheimilisins er sýndur. Þjónustuíbúðir eru ráðgerðar í 1. hæðar húsi, vestast og syðst á lóðinni.

***1.8 Minjar og húsaskráning***

Innan skipulagssvæðisins eru nýleg hús sem byggð voru á tímanum 1988-2020. Þessi hús ásamt dvalarheimili aldraðara mynda nokkuð samstæða heild. Leitast skal við að ný hús sem byggð verða á svæðinu falli að þeirri byggð sem fyrir er og taki mið af henni hvað varðar útlit og efnisval.
Hugsanlegar fornleifar eru innan skipulagssvæðisins eins og kemur fram í Skýrslu Fornleifastofnunnar Íslands, *„Þorlákshöfn: Fornleifaúttekt á tveim svæðum innan þéttbýlis“* frá 2019. Sú veigamesta er „Ár-548:19 Þúst“ sem sýnd er á deiliskipulagsuppdrætti. Kanna þarf hvort þar leynast mannvistarleifar áður en henni verður raskað. Athygli er vakin á að sækja þarf um leyfi Minjastofnunar Íslands til að raska fornleifum.




Tillaga að deiliskipulagsbreytingu. Mkv. 1:1000

***1.9 Byggingar við Mánabraut***

Deiliskipulagið nær til bygginga við Mánabraut sem þegar hafa risið, þar með talinn liður *1.3 Byggingarreitir* í skilmálum.



Þrívíddarmynd af skipulagssvæðinu.




- Skipulagsmörk
- Byggingarreitir
- Lóðarmörk
- Vistagata, blönduð umferð akandi og gangandi.
- Mænisstefna
- Núverandi byggingar
- Parhús á 1. hæð
- Raðhús 1. hæð
- Grænt svæði
- Viðbygging 1. hæð
- Bílastæði
- Stígur 2-2,5 m á breidd. Lega leiðbeinandi
- Þúst Hugsanlegar fornminjar

03.09.2020
Breytingar sem gerðar hafa verið frá því að skipulagið var samþykkt í skipulags og umhverfisnefnd.
- Byggingarreitum hnikað til vegna hugsanlegra fornleifa. Við það stækka tvær parhúsalóðir.

SKIPUL.- OG BYGG.FULLTRÚI SVEITARFÉL. ÖLFUSS

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Skipulags- og umhverfisnefnd þann 24.10.2019 og í bæjarstjórn þann 3.12.2019

Tillaga þessi var auglýst frá 20.12.2019 með athugasemdarfrest til 3.2.2020

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ____________

| ÚTGÁFA BREYTINGAR | TEIKNAÐ | YFIRFARIÐ | DAGS |
| --- | --- | --- | --- |
| 1 20.10.20 *Gildandi uppdráttur settur inn, skilmálakafla 1.9 bætt við* | | | |

ASK ARKITEKTAR EHF
GEIRSGÖTU 9 101 REYKJAVÍK
SÍMI 515 0300
www.ask.is

ASK ARKITEKTAR

VERKEFNI
DEILISKIPULAGSBREYTING VIÐ EGILSGÖTU 9

| | |
| --- | --- |
| TEGUND TEIKNINGAR: DEILISKIPULAGSBEYTING | MKV. Í A1: 1:1000 |
| HEITI TEIKNINGAR: UPPDRÁTTUR OG GREINAGERÐ | HANNAÐ: ASK |
| | TEIKNAÐ: GRY |
| | YFIRF.: PG |
| | DAGS.: 01.10.2019 |
| VERK NR.: 0320 | AUÐKENNI - NÚMER TEIKNINGAR: 05-01 |
| | ÚTGÁFA |

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKI ASK ARKITEKTA. EKKI SKAL MÆLA UPP AF TEIKNINGU.